

Sp.

322. Tillaga til þingsályktunar

um bann gegn því, að heimilt verði að kaupa farseðla með erlendum flugvélum milli Íslands og útlanda fyrir íslenska peninga, án þess að fá til þess venjuleg gjaldeyrisleyfi.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma nú þegar í veg fyrir, að hægt verði að kaupa farseðla með erlendum flugvélum milli Íslands og útlanda, án leyfis gjaldeyrisstjórnarinnar.

Greinargerð.

Mitt í því gjaldeyrisleysi, sem þrengir að landsmönnum, svo að takmarkaður er innflutningur lyfja og fjölmargra nauðsynlegra vörutegunda, hefur fjöldi innlendra og erlendra manna keypt farseðla milli Íslands og útlanda fyrir íslenska peninga utan við gjaldeyriseftirlitið. Talið er af kunnugum mönnum, að frá Keflavíkurflugvellingum geti komið í dollurum í gjaldeyrissjóð landsmanna allt að 10 milljónir króna árlega. Er þar um að ræða gjöld fyrir viðkomu flugvéla, kaup íslenskra manna, sem vinna við völlinn, og andvirði íslenskra matvæla, sem starfsliðið við völlinn kaupir. Bandaríkjamenn greiða allar slíkar fjárhæðir í dollurum, en fyrir óaðgæzlu í gjaldeyrismálunum virðist mikið af þessu fé hafa farið til að endurgreiða erlendum flugfélögum fargjöld, sem upphaflega voru greidd að mestu í íslenskum peningum. Eins og þessari framkvæmd hefur verið háttað, gat maður á Íslandi keypt fyrir íslenskar krónur farseðil til Suður-Afríku, þaðan til Argentínu og síðan um New York til Keflavíkur án þess að spurt væri um heimild gjaldeyrisyfirvaldanna. Vitaskuld þarf að síðustu að borga þetta fé í dollurum. Og úr því að dollaravöntun er jafntilfinnanleg og alþjóð manna er kunnugt, þá er sannarlega ekki ástæða til að láta tekjurnar af Keflavíkurvellingum renna út í sandinn. Þessi leki á gjaldeyri er okkur að kenna, en ekki forráðamönnum flugvallarins. Þetta er algerlega innlent málefni, og er vonandi, að ríkisstjórnin sjái sér fært að hagnýta betur en hingað til dollaratekjur frá Keflavíkurvelli.